

71 ing þessari, þarsem aðeins styrkþörf Sigríðar eptir því sem á stóð kemur hjer til 31. maí greina, enda endurgalt Oddur eigi styrkinn, er hinir sönnu málavextir komu í ljós.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjer með, að Kleifahreppi hinum forna ber að endurgjalda Grindavíkurhreppi frammanfendar 149 kr. 88 aura.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Kleifahrepps hins forna og eruð þjer um leið beðinn að sjá um, að upphæð þessi verði sem fyrst greidd Grindavíkurhreppi.

72 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um flutning þingstaðar.**
3. júní

Eptir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 8. f. m., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Tunguhreppi í sýslu yðar og samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Fossvöllum að Kirkjubæ í Tungu, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

73 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um flutning þingstaðar.**
3. júní

Eptir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 8. f. m., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Hlíðarhreppi í Norðurmúlasýslu og samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Fossvöllum að Sleðbrjót, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.